



FÉLAG ÍSLENSKRA NÁTTÚRUFRAEÐINGA
KJARAKÖNNUN BHM
MARS-APRÍL 2014



AÐFERÐ

BLS. 4

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

BLS. 5

ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR

	Bls.
SP1: STAÐA Á VINNUMARKAÐI	7
SP2: STARFSHEITI	9
SP3: STARFSÁNÆGJA	12
SP4: ÁNÆGJA MEÐ LAUN	15
SP5: ÞJÓNUSTA FÉLAGS	18
SP6: VEIKINDI	28
SP7: NÁMSLEYFI	31
SP8: MENNTUN	33
SP9: ÚTSKRIFTARÁR	35
SP10: LAUN Á ÁRINU 2013	37
SP11: STAÐA Á VINNUMARKAÐI 2013	38
SP12: FJÖLDI MÁNAÐA Í AÐALSTARFI	40
SP13: SAMA STARFSHLUTFALL ÁRIÐ 2013	42
SP14: STARFSHLUTFALL 2013	44
SP15: LAUNASAMSETNING 2013	47
SP16: SKIPTING ÁRSGREIÐSLNA	49
SP17: SKIPTING ÁRSTEKNA	52
SP18: VINNUTÍMAR Á VIKU ÁRIÐ 2013	55
SP19: ÁKVÖRÐUN UM STARFSHLUTFALL	58
SP20: ÁNÆGJA MEÐ STARFSHLUTFALL	60
SP21: YFIRVINNA	62
SP22: AÐALVINNUVEITANDI Í DAG	65
SP23: AÐALVINNUVEITANDI 2013	67
SP24: SAMA STARF	69
SP25: UNDIRMENN	71
SP26: FJÖLDI UNDIRMANNA	73
SP27: FJÁRHAGSLEG ÁBYRGÐ	76
SP28: NÁMSLÁN	78
SP29: ENDURGREIÐSLA NÁMSLÁNA	80
SP30: EFTIRSTÖÐVAR NÁMSLÁNA	82
SP31: UPPGREIÐSLA NÁMSLÁNA	84
SP32: GREIÐSLUBYRÐI NÁMSLÁNA	86



ÍTARLEGAR NIÐURSTÖÐUR FRH.

	Bls.
SP33-34: ÁHERSLA BHM	88
SP35: AÐILDARVIÐRÆÐUR VIÐ ESB	91
SP36: ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLA UM FRAMHALD VIÐRÆÐNA	94
SP37: INNGANGA Í ESB	97
SP38: ÁHRIF INNGÖNGU Í ESB Á FÉLAGSMENNBHM	100
SP39: SKULDALEIÐRÉTTINGARÚRRÆÐI RÍKISSTJÓRNARINNAR	103
SP40: AÐ LOKUM	105

LAUNATÖFLUR

BLS. 110

LAUNATAFLA 1: ÁRSGREIÐSLUR OG ÁRSTEKJUR	111
LAUNATAFLA 2: ÁRSGREIÐSLUR - SKIPTING	112
LAUNATAFLA 3: ÁRSTEKJUR - SKIPTING	113
LAUNATAFLA 4: ÁRSGREIÐSLUR - DREIFING	114
LAUNATAFLA 5: ÁRSTEKJUR - DREIFING	115
LAUNATAFLA 6: ÁRSLAUN Í AÐALSTARFI - RÍKI	116
LAUNATAFLA 7: ÁRSLAUN Í AÐALSTARFI - REYKJAVÍKURBORG	117
LAUNATAFLA 8: ÁRSLAUN Í AÐALSTARFI - ÖNNUR SVEITARFÉLÖG	118
LAUNATAFLA 9: ÁRSLAUN Í AÐALSTARFI - EINKAFYRIRTÆKI	119



MARKMIÐ OG FRAMKVÆMD

Könnun þessi er gerð af Maskínu fyrir BHM og aðildarfélag þess. Hún er um kjör félagsmanna og aðra þætti sem tengjast kjörum og starfsumhverfi þeirra. Þetta er í annað sinn sem þessi könnun er framkvæmd.

Könnunin var lögð fyrir alla félag BHM sem voru í starfi þann 1. nóvember 2013 og fór fram dagana 13. mars - 28. apríl 2014. Könnunin var send til allra í tölvupósti og sendi Maskína áminningu um að svara fjórum sinnum, auk þess sem hvert aðildarfélag minnti reglulega félagsmenn sína á þátttöku.

Í þýðinu öllu voru 9.895 manns, en þegar búið var að draga þá frá sem voru hættir störfum stóð 9.791 þátttakandi eftir. Af þeim svöruðu 5.345, eða 54,6%.

Í þessari skýrslu eru niðurstöður fyrir **Félag íslenskra náttúrufræðinga**.

Þýði Félags íslenskra náttúrufræðinga taldi 1310 menn, af þeim svöruðu 757, eða 57,8%.

Þýði og svörun

Upphaflegt þýði:	1322
Hættir störfum:	12
Endanlegt þýði:	1310
Fjöldi svarenda:	757
Svarhlutfall:	57,8%

Reykjavík, 1. júlí 2014.

Með þökk fyrir gott samstarf,

Þóra Ásgeirsdóttir

Þorlákur Karlsson

Ævar Þórólfsson

STUTTAR SKÝRINGAR Á TÖLFRÆÐIHUGTÖKUM Í SKÝRSLU

Meðaltal í könnunum er mæligildi á svonefnda miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega að tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.

Staðalfrávik í könnunum er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni viðhorfsspurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítill munur sé á viðhorfi svarenda og meira að marka meðaltalsviðhorfið en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á viðhorfi svarenda.

Kí-kvaðrat próf er marktektaþróf sem er notað til að meta hvort að marktækur munur er á bakgrunnshópum á svarkvörðum sem ekki teljast samfelldir.

ANOVA er skammst öfun á Analysis of Variance sem hefur verið nefnt dreifigreining á íslensku. ANOVA metur það hvort marktækur munur er á meðalgildum svara við spurningu á samfelldum kvarða.





Meðalgreiðslur (uppfærðar) til félaga í Félagi íslenskra náttúrufræðinga: Hækkun meðaltals



Tegund:	Meðaltal	Miðgildi	frá 2012
Allar ársgreiðslur	6.661 þús. kr.	6.401 þús. kr.	3,8%
Allar árstekjur	6.573 þús. kr.	6.303 þús. kr.	3,8%
Launatekjur og starfstengdar greiðslur	6.519 þús. kr.	6.232 þús. kr.	3,2%



Meðalgreiðslur (uppfærðar) til félaga í aðildarfélögum BHM: Hækkun meðaltals

Tegund:	Meðaltal	Miðgildi	frá 2012
Allar ársgreiðslur	6.717 þús. kr.	6.386 þús. kr.	5,1%
Allar árstekjur	6.643 þús. kr.	6.304 þús. kr.	5,2%
Launatekjur og starfstengdar greiðslur	6.584 þús. kr.	6.258 þús. kr.	4,2%




Hver ákvað þitt starfshlutfall?







Ánægja með laun




Hefur þú tekið námslán?



Eftirstöðvar námslána (í þús. kr.)





Aldur við uppgreiðslu námsláns*




*Aldur við uppgreiðslu námsláns er reiknaður bæði fyrir þá sem hafa þegar greitt upp sín lán og þá sem eiga það eftir. Meðal þeirra sem eiga það eftir var árstekjum deilt í eftirstöðvar námslána og þannig fundið út hversu mörg ár fólk ætti eftir að greiða af sínum lán um. Gert var ráð fyrir 1% vöxt um þar sem það áttivið en hvorki var tekið tillit til verðbólgu né launahækkana. Þessar tölur eru því eingöngu til glöggvunar og samanburðar á hópum innan BHM og getur í

Evrópusambandið





Sp. 1. Starfar þú núna sem launþegi, sjálfstætt starfandi, einyrki, verktaki, atvinnurekandi eða með öðrum hætti?





Sp. 1. Starfar þú núna sem launþegi, sjálfstætt starfandi, einyrki, verktaki, atvinnurekandi eða með öðrum hætti?

	Gild svör	Launþegi	Annað	Starfa ekki núna	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	755	96,2	1,6	2,3	96% 2%
Kyn					
Karl	347	96,8	2,0	1,2	97% 2%
Kona	408	95,6	1,2	3,2	96% 3%
Aldur					
Yngri en 35 ára	146	94,5	1,4	4,1	95% 4%
35-39 ára	124	96,0	1,6	2,4	96% 2%
40-44 ára	127	96,1	3,1	0,8	96% 3%
45-49 ára	110	95,5	2,7	1,8	95% 3%
50-59 ára	143	100,0	0,0	0,0	100%
60 ára og eldri	105	94,3	1,0	4,8	94% 5%
Hver er hæsta prófgráða sem þú hefur lokið?					
Bakkalárpróf eða sambærilegt	252	96,4	1,6	2,0	96% 2%
Meistarapróf eða sambærilegt	351	95,2	2,0	2,8	95% 3%
Doktorspróf eða sambærilegt	138	98,6	0,0	1,4	99% 1%
Hvaða ár útskrifaðist þú með þína hæstu prófgráðu?					
Fyrir 1990	140	97,1	0,0	2,9	97% 3%
1990-1999	171	95,9	2,3	1,8	96% 2%
2000-2004	103	99,0	1,0	0,0	99% 1%
2005-2009	165	95,8	1,8	2,4	96% 2%
2010-2014	161	94,4	1,9	3,7	94% 4%
Hver er aðalvinnuveitandi þinn?					
Ríki	330	99,4	0,6	0,0	99% 1%
Einkafyrirtæki	113	99,1	0,9	0,0	99% 1%
Reykjavík	35	100,0	0,0	0,0	100%
Sveitarfélög	32	96,9	3,1	0,0	97% 3%
Annað	85	96,5	3,5	0,0	96% 4%
Hvert var starfshlutfall þitt árið 2013?					
Fullt starf	507	98,0	1,4	0,6	98% 1%
Hlutastarf	83	97,6	0,0	2,4	98%

Ekki var marktækur munur á milli hópa.



Sp.2. Hvert er starfsheiti þitt?

	Fjöldi	%		Fjöldi	%
Sérfræðingur	160	21,9	Aðstoðarforstöðumaður	1	0,1
Sérfræðingur/umsjónarmaður	113	15,5	Forstjóri fyrirtækis eða stofnunar	1	0,1
Verkefnastjóri	82	11,2	Skrifstofustjóri	1	0,1
Náttúrufræðingur	80	10,9	Forritari	1	0,1
Rannsóknarmaður	28	3,8	Tæknimaður	1	0,1
Deildarstjóri	20	2,7	Nýdoktor	1	0,1
Forstöðumaður deildar eða sviðs	19	2,6	Nemi	1	0,1
Sviðsstjóri	17	2,3	Annað, hvað?	26	3,6
Heilbrigðisfulltrúi	17	2,3	Gild svör	731	100,0
Arkitekt	15	2,1	Gildir svarendur	731	96,6
Frkv.stj. fyrirtækis eða stofnunar	14	1,9	Svöruðu ekki	26	3,4
Forstöðumaður stofnunar	12	1,6	Heildarfjöldi	757	100,0
Gæðastjóri	11	1,5	*Svör sem flokkuð voru undir „Annað“ eru tilgreind á næstu blaðsíðum.		
Lektor	10	1,4			
Hópstjóri	8	1,1			
Fagstjóri	7	1,0			
Fagsviðsstjóri	7	1,0			
Framkvæmdastjóri sviðs	6	0,8			
Doktorsnemi	6	0,8			
Héraðsfulltrúi	6	0,8			
Almennur starfsmaður	6	0,8			
Ráðunautur	6	0,8			
Útibússtjóri	5	0,7			
Teymisstjóri	5	0,7			
Sérstök rannsóknastaða	5	0,7			
Rannsóknastjóri	4	0,5			
Yfirmaður málaflokks	4	0,5			
Þjóðgarðsvörður	4	0,5			
Dósent	4	0,5			
Framleiðslustjóri	3	0,4			
Ráðgjafi	3	0,4			
Umsjónarmaður	3	0,4			
Kennari á starfsmenntabraut	3	0,4			
Fulltrúi	2	0,3			
Kennslustjóri	1	0,1			
Aðstoðarskólastjóri	1	0,1			
Fagmálstjóri	1	0,1			



Sp.2. Hvert er starfsheiti þitt?

	Gild svör	Sérfræðingur/ umsjónarmaður		Verkefnastjóri	Náttúrufræðingur	Annað
	Fjöldi	%	%	%	%	%
Allir	731	21,9	15,5	11,2	10,9	40,5
Kyn						
Karl	339	20,9	16,8	9,1	10,3	42,8
Kona	392	22,7	14,3	13,0	11,5	38,5
Aldur*						
Yngri en 35 ára	137	22,6	21,2	6,6	13,1	36,5
35-39 ára	119	28,6	14,3	13,4	16,0	27,7
40-44 ára	126	19,8	18,3	13,5	10,3	38,1
45-49 ára	107	23,4	12,1	8,4	11,2	44,9
50-59 ára	143	16,1	15,4	12,6	7,0	49,0
60 ára og eldri	99	22,2	9,1	13,1	8,1	47,5
Hver er hæsta prófgráða sem þú hefur lokið?						
Bakkalárpróf eða sambærilegt	247	19,0	17,0	10,1	15,0	38,9
Meistarapróf eða sambærilegt	341	24,9	14,4	11,4	7,3	41,9
Doktorspróf eða sambærilegt	135	20,0	14,1	13,3	11,9	40,7
Hvaða ár útskrifaðist þú með þína hæstu prófgráðu?						
Fyrir 1990	136	16,9	12,5	12,5	7,4	50,7
1990-1999	168	19,6	13,7	13,1	10,1	43,5
2000-2004	102	22,5	12,7	9,8	13,7	41,2
2005-2009	161	24,2	20,5	8,1	9,9	37,3
2010-2014	155	26,5	15,5	12,9	12,9	32,3
Hver er aðalvinnuveitandi þinn?*						
Ríki	329	24,6	14,9	8,8	14,0	37,7
Einkafyrirtæki	113	27,4	24,8	8,8	7,1	31,9
Reykjavík	35	8,6	0,0	28,6	2,9	60,0
Sveitarfélög	32	12,5	6,3	3,1	12,5	65,6
Annað	85	17,6	14,1	20,0	1,2	47,1
Hvert var starfshlutfall þitt árið 2013?*						
Fullt starf	503	22,5	15,7	12,1	8,9	40,8
Hlutastarf	81	19,8	12,3	6,2	19,8	42,0

*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi ($p < 0,05$).



Sp.2. Hvert er starfsheiti þitt?



	Gild svör	Sérfræðingur	Sérfræðingur/ umsjónarmaður	Verkefnastjóri	Náttúrufræðingur	Annað
	Fjöldi	%	%	%	%	%
Allir	731	21,9	15,5	11,2	10,9	40,5
Hvað af eftirtöldu á best við um samsetningu launa þinna fyrir árið 2013 í þínu aðalstarfi?*						
Grunnlaun án aukagreiðslna	175	24,0	15,4	8,6	13,1	38,9
Grunnlaun með aukagreiðslum	201	26,4	15,9	9,5	13,9	34,3
Föst laun án aukagreiðslna	126	16,7	11,9	17,5	4,0	50,0
Föst laun með aukagreiðslum	65	18,5	20,0	12,3	6,2	43,1
Starfar fólk beint undir þinni stjórn í þínu aðalstarfi?*						
Já	166	10,2	6,6	9,6	2,4	71,1
Nei	424	27,4	18,9	12,0	13,4	28,3
Berð þú fjárhagslega ábyrgð í þínu aðalstarfi?*						
Já	154	10,4	11,0	14,9	4,5	59,1
Nei	435	26,9	16,8	10,1	12,2	34,0
Ánægja með laun*						
Ánægð(ur)	147	21,1	13,6	9,5	4,8	51,0
Í meðallagi	245	21,6	18,0	14,3	5,7	40,4
Óánægð(ur)	335	22,4	14,3	9,9	17,3	36,1

*Marktækur munur á milli hópa skv. Kíkvaðrat prófi ($p < 0,05$).



Sp.3. Á heildina litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu í starfi þínu?

	Fjöldi	%
Mjög ánægð(ur) (5)	156	21,4
Fremur ánægð(ur) (4)	369	50,6
Í meðallagi ánægð(ur)/óánægð(ur) (3)	155	21,3
Fremur óánægð(ur) (2)	41	5,6
Mjög óánægð(ur) (1)	8	1,1
Gild svör	729	100,0
Gildir svarendur	729	96,3
Svöruðu ekki	28	3,7
Heildarfjöldi	757	100,0



Meðaltal	3,86
Staðalfrávik	0,85
Meðaltal BHM	3,91
Meðaltal maskína	4,12

Reiknað er meðaltal þegar spurning er á fimm stiga raðkvarða, þannig að hver svarkostur fær gildi á bilinu 1-5, eins og sést í töflunni hér fyrir ofan. Meðaltalið sýnir þannig skoðun fólks í félaginu að jafnaði. Þetta meðaltal er síðan notað til að sýna mun á bakgrunni þess hér á næstu síðum.

















Sp. 3. Á heildina litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu í starfi þínu?

	Gild svör	Ánægð(ur)		Óánægð(ur)		Meðaltal
		Fjöldi	%	Í meðallagi	%	
Allir	729	72,0	21,3	6,7		3,86
Kyn						
Karl	336	75,9	17,0	7,1		3,91
Kona	393	68,7	24,9	6,4		3,81
Aldur						
Yngri en 35 ára	137	67,9	24,8	7,3		3,82
35-39 ára	118	69,5	22,0	8,5		3,81
40-44 ára	126	67,5	25,4	7,1		3,80
45-49 ára	108	75,0	16,7	8,3		3,82
50-59 ára	142	73,9	21,1	4,9		3,86
60 ára og eldri	98	80,6	15,3	4,1		4,06
Hver er hæsta prófgráða sem þú hefur lokið?						
Bakkalárpróf eða sambærilegt	246	69,9	25,6	4,5		3,85
Meistarapróf eða sambærilegt	342	70,8	20,8	8,5		3,83
Doktorspróf eða sambærilegt	134	78,4	15,7	6,0		3,93
Hvaða ár útskrifaðist þú með þína hæstu prófgráðu?*						
Fyrir 1990	136	75,7	20,6	3,7		3,97
1990-1999	167	73,7	19,2	7,2		3,86
2000-2004	103	75,7	19,4	4,9		3,91
2005-2009	160	64,4	25,6	10,0		3,68
2010-2014	155	71,6	21,9	6,5		3,89
Hver er aðalvinnuveitandi þinn?						
Ríki	329	70,5	22,8	6,7		3,79
Einkafyrirtæki	113	70,8	24,8	4,4		3,86
Reykjavík	35	65,7	25,7	8,6		3,71
Sveitarfélög	31	77,4	16,1	6,5		3,94
Annað	84	77,4	15,5	7,1		4,06

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 3. Á heildina litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu í starfi þínu?


	Gild svör	Ánægð(ur)		Í meðallagi		Óánægð(ur)	
		Fjöldi	%	%	%		
Allir	729	72,0	21,3	6,7		3,86	
Hvert var starfshlutfall þitt árið 2013?							
Fullt starf	502	71,1	22,1	6,8		3,83	
Hlutastarf	81	74,1	19,8	6,2		3,90	
Hvað af eftirtöldu á best við um samsetningu launa þinna fyrir árið 2013 í þínu aðalstarfi?							
Grunnlaun án aukagreiðslna	173	71,1	22,5	6,4		3,84	
Grunnlaun með aukagreiðslum	201	72,1	20,4	7,5		3,85	
Föst laun án aukagreiðslna	127	72,4	22,8	4,7		3,83	
Föst laun með aukagreiðslum	65	66,2	24,6	9,2		3,80	
Starfar fólk beint undir þinni stjórn í þínu aðalstarfi?*							
Já	165	82,4	13,9	3,6		4,01	
Nei	423	67,4	25,1	7,6		3,78	
Berð þú fjárhagslega ábyrgð í þínu aðalstarfi?*							
Já	154	79,2	16,2	4,5		4,01	
Nei	433	68,8	24,2	6,9		3,79	
Ánægja með laun*							
Ánægð(ur)	147	91,8	6,1	2,0		4,39	
Í meðallagi	244	80,3	17,2	2,5		3,97	
Óánægð(ur)	335	57,0	31,0	11,9		3,54	

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 4. En á heildina lítið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með laun þín?

	Fjöldi	%
Mjög ánægð(ur) (5)	19	2,6
Fremur ánægð(ur) (4)	128	17,6
Í meðallagi ánægð(ur)/óánægð(ur) (3)	246	33,8
Fremur óánægð(ur) (2)	215	29,5
Mjög óánægð(ur) (1)	120	16,5
Gild svör	728	100,0
Gildir svarendur	728	96,2
Svöruðu ekki	29	3,8
Heildarfjöldi	757	100,0



Meðaltal	2,60
Staðalfrávik	1,04
Meðaltal BHM	2,46

Reiknað er meðaltal þegar spurning er á fimm stiga raðkvarða, þannig að hver svarkostur fær gildi á bilinu 1-5, eins og sést í töflunni hér fyrir ofan. Meðaltalið sýnir þannig skoðun fólks í félaginu að jafnaði. Þetta meðaltal er síðan notað til að sýna mun á bakgrunni þess hér á næstu síðum.



Sp. 4. En á heildina litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með laun þín?

	Gild svör		Í meðallagi		Gild
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	728	20,2	33,8	46,0	2,60
Kyn*					
Karl	337	23,1	34,4	42,4	2,70
Kona	391	17,6	33,2	49,1	2,52
Aldur					
Yngri en 35 ára	137	14,6	43,1	42,3	2,58
35-39 ára	119	16,8	31,9	51,3	2,50
40-44 ára	126	28,6	32,5	38,9	2,79
45-49 ára	107	20,6	35,5	43,9	2,63
50-59 ára	142	16,2	28,2	55,6	2,44
60 ára og eldri	97	26,8	30,9	42,3	2,74
Hver er hæsta prófgráða sem þú hefur lokið?					
Bakkalárpróf eða sambærilegt	247	17,0	38,9	44,1	2,61
Meistarapróf eða sambærilegt	340	21,5	31,2	47,4	2,61
Doktorspróf eða sambærilegt	135	23,7	31,1	45,2	2,60
Hvaða ár útskrifaðist þú með þína hæstu prófgráðu?					
Fyrir 1990	136	25,0	30,1	44,9	2,67
1990-1999	167	20,4	35,3	44,3	2,66
2000-2004	102	25,5	32,4	42,2	2,76
2005-2009	161	19,9	34,8	45,3	2,58
2010-2014	155	13,5	36,1	50,3	2,43
Hver er aðalvinnuveitandi þinn?*					
Ríki	329	14,3	30,4	55,3	2,38
Einkafyrirtæki	113	32,7	39,8	27,4	3,05
Reykjavík	35	5,7	31,4	62,9	2,23
Sveitarfélög	32	28,1	31,3	40,6	2,63
Annað	84	25,0	41,7	33,3	2,88

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 4. En á heildina lítið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með laun þín?



	Gild svör		Í meðallagi		Gild
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	728	20,2	33,8	46,0	2,60
Hvert var starfshlutfall þitt árið 2013?					
Fullt starf	502	20,5	33,7	45,8	2,61
Hlutastarf	81	17,3	35,8	46,9	2,51
Hvað af eftirtöldu á best við um samsetningu launa þinna fyrir árið 2013 í þínu aðalstarfi?*					
Grunnlaun án aukagreiðslna	174	17,8	36,2	46,0	2,55
Grunnlaun með aukagreiðslum	201	19,4	32,8	47,8	2,53
Föst laun án aukagreiðslna	126	26,2	34,1	39,7	2,82
Föst laun með aukagreiðslum	65	15,4	30,8	53,8	2,43
Starfar fólk beint undir þinni stjórn í þínu aðalstarfi?*					
Já	165	29,1	32,7	38,2	2,85
Nei	424	15,3	34,7	50,0	2,47
Berð þú fjárhagslega ábyrgð í þínu aðalstarfi?*					
Já	154	27,9	31,8	40,3	2,82
Nei	434	16,6	34,6	48,8	2,50
Ánægja í starfi*					
Ánægð(ur)	522	25,9	37,5	36,6	2,82
Í meðallagi	155	5,8	27,1	67,1	2,16
Óánægð(ur)	49	6,1	12,2	81,6	1,71

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp.5. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þá þjónustu sem þitt félag veitir þér?

	Fjöldi	%
Mjög ánægð(ur) (5)	125	17,2
Fremur ánægð(ur) (4)	344	47,3
Í meðallagi ánægð(ur)/óánægð(ur) (3)	228	31,4
Fremur óánægð(ur) (2)	25	3,4
Mjög óánægð(ur) (1)	5	0,7
Gild svör	727	100,0
Gildir svarendur	727	96,0
Svöruðu ekki	30	4,0
Heildarfjöldi	757	100,0



Meðaltal	3,77
Staðalfrávik	0,80
Meðaltal BHM	3,67

Reiknað er meðaltal þegar spurning er á fimm stiga raðkvarða, þannig að hver svarkostur fær gildi á bilinu 1-5, eins og sést í töflunni hér fyrir ofan. Meðaltalið sýnir þannig skoðun fólks í félaginu að jafnaði. Þetta meðaltal er síðan notað til að sýna mun á bakgrunni þess hér á næstu síðum.



Sp.5. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þá þjónustu sem þitt félag veitir þér?

	Gild svör	Ánægð(ur)		Óánægð(ur)		3,77
		Fjöldi	%	Í meðallagi	%	
Allir	727	64,5	31,4	4,1		
Kyn*						
Karl	334	62,0	31,7	6,3		3,70
Kona	393	66,7	31,0	2,3		3,82
Aldur						
Yngri en 35 ára	138	66,7	32,6	0,7		3,84
35-39 ára	121	65,3	29,8	5,0		3,77
40-44 ára	121	66,1	24,8	9,1		3,75
45-49 ára	108	58,3	40,7	0,9		3,69
50-59 ára	139	64,7	30,9	4,3		3,73
60 ára og eldri	100	65,0	30,0	5,0		3,83
Hver er hæsta prófgráða sem þú hefur lokið?*						
Bakkalárpróf eða sambærilegt	246	67,5	28,9	3,7		3,78
Meistarapróf eða sambærilegt	340	66,8	30,0	3,2		3,84
Doktorspróf eða sambærilegt	135	54,1	39,3	6,7		3,61
Hvaða ár útskrifaðist þú með þína hæstu prófgráðu?						
Fyrir 1990	139	64,0	30,9	5,0		3,76
1990-1999	169	63,3	32,5	4,1		3,70
2000-2004	97	57,7	37,1	5,2		3,73
2005-2009	158	67,1	30,4	2,5		3,78
2010-2014	158	68,4	28,5	3,2		3,88
Hver er aðalvinnuveitandi þinn?*						
Ríki	317	61,2	34,1	4,7		3,71
Einkafyrirtæki	111	60,4	36,0	3,6		3,65
Reykjavík	35	71,4	25,7	2,9		3,83
Sveitarfélög	32	68,8	31,3	0,0		4,03
Annað	85	71,8	23,5	4,7		3,96
Hvert var starfshlutfall þitt árið 2013?						
Fullt starf	495	63,0	32,5	4,4		3,74
Hlutastarf	80	67,5	32,5	0,0		3,89
Starfar fólk beint undir þinni stjórn í þínu aðalstarfi?						
Já	163	60,7	35,0	4,3		3,77
Nei	413	64,9	31,2	3,9		3,76
Berð þú fjárhagslega ábyrgð í þínu aðalstarfi?						
Já	153	60,8	35,3	3,9		3,78
Nei	422	64,5	31,3	4,3		3,74

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp.5. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þá þjónustu sem þitt félag veitir þér?

Hvers vegna ertu ánægð(ur) með þjónustu þíns félags?

- Aðgengileg.
- Aðgengilegar upplýsingar og góð þjónusta.
- Aðstoð skrifstofu ávallt mjög góð. Stundum finnst mér skorta á upplýsingagjöf um starfsemi félagsins til almennra félagsmanna.
- Aðstoðu mig við leiðréttingu launa minna. Þjónusta og aðstoð til fyrirmyndar.
- Af því bara :-). Hef hringt í FÍN einu sinni og kona sem svaraði var mjög almennileg og svaraði greiðlega erindinu.
- Allgott aðgengi að formanni og framkvæmdastjóra.
- Alltaf jákvæð svör og þjónusta í boði. Þ.e. FÍN ekki BHM.
- Alltaf sinnt erindum vel og staðið á bak við mig þegar þarf í kjaramálum auk þess að benda mér á rétt minn þegar þess hefur þurft.
- Alltaf þegar ég hef þurft á aðstoð að halda þá hefur mér verið hjálpað fagmannlega og skjótt.
- Almennilegt og hjálpsamt starfsfólk.
- Almenn gott að leita til þeirra með fyrirspurnir o.fl. og finna lausnir.
- Auðvelt að hafa samband við félagið og gott viðmót, en mætti vera betra upplýsingaflæði til félagsmanna um réttindi.
- Auðvelt að leita til félagsins og áhugi fyrir því að leita lausna.
- Auðvelt að leita til félagsins. Gefa sér tíma til að tala við einstaklinga.
- Auðvelt að ná í fulltrúa þeirra, þeir eru alúðlegir og vilja allt fyrir mann gera sem í þeirra valdi stendur.
- Auðvelt að ná sambandi við félagið og fólk þar vel að sér í flestum málum og tilbúið að setja sig inn í mál ef þörf er á. Mér finnst félagið vinna vel fyrir félagsmenn.
- Auðvelt að nágast upplýsingar og upplýsingafundir formanns eru mjög fræðandi og af hinu góða.
- Auðvelt að nálgast upplýsingar, gefa skjót og góð svör við þeim spurningum sem ég ber upp.
- Ágæt upplýsingagjöf til félaga - allt nokkuð ljóst.
- Ágæt upplýsingamiðlun og launabarátta.
- Ágætt viðmót við þeim erindum sem ég hef átt við félagið.
- Ánægð með aðgengi að bústöðum og félagið hefur reynst mér vel þegar ég hef þurft á að halda.
- Ánægð með orlofshús t.d. en óánægð með samning BHM og SA.
- Ánægð með virkni undanfarin misseri. Félagið farið úr að vera ósýnilegt í að vera mjög sýnilegt og á tán um, að manni virðist.
- Ánægð með þá sjóði og styrki sem hægt er að sækja um sem og réttindi.
- Bara fint.
- Baráttustarfsmenn sem er ekki sama um sitt fólk.
- Ber traust til málsvara FÍN og starfsfólks sem starfar á skrifstofu FÍN.
- Berjast fyrir réttindnum félagsmeðlima. Þjóða upp á styrki tengda íþróttum og einnig er hægt að sækja um styrk í sjúkrasjóð. Orlofshúsin eru líka stór kostur sem hægt er að nýta sér.
- Brugðist vel og skjótt við fyrirspurnum.
- Dugar mér bærilega.
- Dugleg að taka þátt í fundum með okkur en vantar stundum að fá upplýsingar frá þeim.
- Duglegir að koma í heimsókn. Hefur ekki reynt á aðra þjónustu.
- Er atvinnulaus og hef fengið góðan stuðning.
- Er ánægður með þjónustu míns félags.
- Er í góðum tengslum við félagsmenn, upplýsa reglulega hvað er að gerast og halda vinnustaðafundi reglulega.
- Er vel upplýstur um það sem máli skiptir.
- Er virkt í upplýsingagjöf. Formaður kemur í heimsókn árlega og ræðir um málefni liðandi stundar. Félagið á skemmtileg orlofshús sem ég hef nýtt mér utan hefðbundins orlofstíma.



Sp.5. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þá þjónustu sem þitt félag veitir þér?

- Eru reiðubúin að aðstoða félagsmenn þegar þeir þurfa á því að halda.
- Every time I had a question I got a quick response and helpful answers.
- Ég er ánægð með stéttarfélög almennt og tel þau vera mjög mikilvægur hluti af atvinnulífinu. Þar að auki er ég ánægð með FÍN þar sem þetta er flott félag sem hefur reynst mér vel.
- Ég er nú bara svona hvorki né því ég hef ekkert átt í samskiptum við félagið síðustu ár þannig að ég veit voða lítið um félagið.
- Ég fæ góðar upplýsingar frá félaginu auk þess sem formaðurinn kemur reglulega í heimsóknir.
- Ég fæ skjót svör við mínum fyrirspurnum.
- Ég fæ skýr og skjót svör við fyrirspurnum og aðstoð í samskiptum við vinnuveitanda þegar ég þurfti aðstoð.
- Ég hef alltaf fengið skjót og góð svör við öllum erindum sem ég hef sent á félagið.
- Ég hef ávallt fengið góðar móttökur og góð viðbrögð við öllum fyrirspurnum og við allri leit eftir aðstoð. Ég hef ávallt fengið góða aðstoð sem svarar öllum þeim spurningum sem ég mæti með í hvert skipti.
- Ég hef ekki nýtt mér þjónustuna mikið er bara nýbyrjuð í vinnu. Félagið er samt mjög sýnilegt og virðist vera í góðum tengslum við félagsmenn.
- Ég hef fengið ágæt svör við þeim spurningum sem ég hef haft.
- Ég hef fengið skjót og ítarleg svör við spurningum mínum um launamál og réttindi í starfi.
- Ég hef fengið þá þjónustu sem ég hef óskað eftir í hvert sinn. Fagleg vinnubrögð.
- Ég hef fengið þær upplýsingar sem ég leita eftir.
- Ég hef hingað til fengið þá aðstoð sem ég hef óskað eftir.
- Ég hef leitað til þeirra með ráðleggingar varðandi ýmislegt tengt vinnunni. T.d. launakröfur, yfirllestur yfir starflýsingu og ráðningarsamning. Það hefur alltaf verið gott að leita til þeirra og þau hafa svona getað aðeins aðstoða við það að maður finni sér samanburðarhópa hvað varðar starf, launakröfur og ábyrgð í starfi.
- Ég hef þurft að leita til þeirra vegna kjaramála og fleira og þau brugðist við hratt og vel.
- Ég lenti í vinnuslysi fyrir nokkrum árum og þá fékk ég mikinn stuðning frá mínu stéttarfélagi. Mér finnst þó kjarabarátta félagsins ekki mjög sýnileg.
- Ég vona að þeir eru að gera gott starf.
- Ég þarf litla þjónustu sjálf en þekki vel til þjónustu sem starfsfélagi hefur fengið eftir að hann veiktist. Sú þjónusta er ðil til fyrirmyndar.
- Fengum heimsókn frá formanni FÍN, þrátt fyrir að vera bara 10 manns í félaginu, það var mjög upplýsandi og skemmtileg heimsókn.
- Fékk aðstoð með ráðningarsamninginn minn.
- Fékk góða aðstoð þegar um var að ræða að ég þurfti tímabundið í eining iðju (vaktarvinnu á sjúkrahúsinu) og í undirbúning á fæðingarorlofi.
- Fékk greitt úr vísindasjóði.
- Félagið er duglegt að senda mér upplýsingar.
- Félagið er með ágætis virkni.
- Félagið hefur alltaf brugðist hratt og vel við þegar ég hef þurft á þeim að halda.
- Félagið hefur brugðist fljótt við spurningum og athugasemdum.
- Félagið hefur stutt launabaráttu sem heilbrigðisfulltrúar hafa staðið í undanfarið. Félagið gaf okkur góð ráð.
- Félagið sinnir þeim málum sem þarf að sinna. Berst fyrir bættum kjörum og réttindum.
- Félagið stendur sig almennt vel og býður upp á góða þjónustu, við fáum upplýsingar sem skipta máli, reglulega er boðið upp á vinnustaðafundi og við höfum fengið góðan stuðning við gerð stofnanasamnings.
- Félagið stendur sig vel að mínu mati. Alltaf gott að leita til þeirra.
- Félagið uppfyllir kröfur.



Sp.5. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þá þjónustu sem þitt félag veitir þér?

- Félagið upplýsir mig um laun og réttindi.
- Félagið veitir góðar upplýsingar um það sem er að gerast og um réttindi félagsmanna.
- Finnst félagið standa sig vel í að upplýsa félagsmenn um réttindi og sjóði.
- Finnst það leggja sig fram við að reyna að leysa úr þeim málum sem ég hef þurft að fá úrlausn með.
- Finnst það vera vakandi og virkt.
- FÍN er með hraða afgreiðslu, veitir góða þjónustu og eru með gott viðmót gagnvart sínum félögum.
- FÍN fylgist vel með, er faglegt og miðlar upplýsingum varðandi kaup og kjör. Eina sem ég hef verið óánægð með varðandi FÍN í gegnum tíðina eru ónóg viðbrögð FÍN vegna umfangsmikils eineltismáls á stofnun í Reykjavík fyrir meira en sjö árum, þar sem margir innan FÍN urðu fyrir ýmist sjálfu eineltinu eða eineltið hafði áhrif á störf þeirra og viðkomandi forstjóri gerði ekkert raunhæft í þeim málum. Hefði viljað sjá félagið taka betur við sér þá og sýna meira frumkvæði og styðja sitt fólk betur.
- FÍN hefur reyns ómetanlegur bakhjarl til að þrýsta á að vinnuveitandi greiði skv. gildandi kjarasamningum. Vinnuveitandi hefur ítrekað sagt „ne“, þessu átt þú ekki rétt á. Ef ekki hefði verið fyrir tilstuðlan FÍN hefði verið erfitt fyrir mig aðsækja rétt minn.
- FÍN vakir yfir vinnustaðnum - Heldur reglulega fundi með starfsmenn og er með virka trúnaðarmenn.
- FÍN virðist hugsa vel um aðildarféлага sína eins og t.d hvað styrki og endurmenntun varðar.
- Fjölbreytt þjónusta.
- Fljót að svara ef maður sendir póst.
- Formaður fundar reglulega með félagsmönnum, hægt að leita til skrifstofunnar með ýmis mál s.s. launaréttindi o.fl.
- Frábært upplýsinga flæði frá FÍN.
- Frábært viðmót. Alltaf tilbúin til aðstoðar.
- Frekar ánægð(ur).
- Fyrirmyndar þjónusta þegar maður þarf á henni að halda.
- Fæ alltaf úrlausn þegar ég leita eftir henni.
- Fæ reglulega upplýsingar um hvað er að gerast í félaginu.
- Fæ skjót og góð svör.
- Fæ svör og úrlausn mála þegar ég leita til félagsins.
- Fæ þær góðar upplýsingar um flest sem skiptir máli.
- Fæ öll svör og þjónustu hratt og örugglega. Get alltaf treyst góðum og faglegum svörum.
- Gerð nýs stofnanasamnings er nýafstaðin og fannst mér aðkoma Páls fyrir hönd FÍN mjög góð. Mér finnst ég fá góðar upplýsingar um það sem er í gangi hjá félaginu, sem og upplýsingar um möguleika á styrkjum, orlofshúsum o.fl. á vegum félagsins.
- Gott aðgengi að starfsfólki. Auðvelt að fá upplýsingar.
- Gott fólk á skrifstofunni, mikið upplýsingastreymi, stuðningur við trúnaðarmenn, svara skjótt og vel.
- Gott starf.
- Gott upplýsingaflæði.
- Gott upplýsingaflæði til félagsmanna!
- Gott upplýsingaflæði!
- Gott viðmót og góð þjónusta.
- Góð heimasíða þar sem auðvelt er að nálgast upplýsingar.
- Góð kjör og mikil þjónusta auk þjónustulyndi.
- Góð samskipti og gott upplýsingastreymi. Kjarabarátt ötul en sanngjörn.
- Góð spurning.
- Góð svör ef hringt og óskað upplýsinga.



Sp.5. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þá þjónustu sem þitt félag veitir þér?

- Góð svör við fyrirspurnum.
- Góð upplýsingagjöf.
- Góð upplýsingagjöf. Gerir það sem hægt er að ætlast til af stéttarfélagi, stendur vörð um kjör sinna félagsmanna.
- Góð upplýsingamiðlun, skjót viðbrögð þegar þangað er leitað, gott viðmót starfsfólksins.
- Góð viðbrögð þegar leitað er til félagsins boðið upp á frábæra fyrirlestra og stutt námskeið broshýr og glaðleg framkoma á skrifstofunni.
- Góð þjónusta, þekking og skjót viðbrögð.
- Góðar upplýsingar, smá styrkir o.fl.
- Góðir styrkir mikil hvatning og halda vel um atvinnulausa félaga.
- Góður stuðningur m.a. góð og aðgengileg heimasíða.
- Greið svör og gott aðgengi að starfsmönnum félagsins.
- Hafa aðstoðað þegar ég hef þurft á því að halda.
- Hafa strax brugðist við ef eitthvað hefur komið uppá.
- Hafa stutt við bakið í samningaviðræðum við launagreiðanda.
- Hafa svarað fyrirspurnum frá mér og veitt aðstoð og ráðleggingar.
- Hafa verið til staðar fyrir félagsmenn þegar á reynir, t.d. við atvinnumissi og eins við gerð ráðningarsamnings.
- Hef aðgang að alls konar upplýsingum á vefsíðu félagsins. Auðvelt að hafa samband við forystumenn félagsins og fá viðtal ef þörf er á.
- Hef alltaf fengið góð svör við spurningum mínum til félagsins.
- Hef alltaf fengið mjög skýr og greinargóð svör.
- Hef almenna tiltrú að félagið sé að berjast fyrir kjaraleiðréttingu. Gott nýlegt dæmi er fundur með viðsemjendum að viðstöddu fjölmenni í Háskólabíó. Það þarf sýnilegan þrýsting svo viðsemjendur komist síður upp með að drepa málinu á dreif.
- Hef á tilfinningunni þegar ég leita til þeirra að þau séu á mínu bandi, vinni fyrir mig.
- Hef ávallt upplifað að starfsfólk og samningafólk félagsins sinni málum félagsmanna af áhuga og dugnaði.
- Hef ekkert undan þeim að kлага.
- Hef ekki þurft mikið að leita til ykkar en það sem ég hef þurft þá hafa svör verið skjót og skýr :) eina sem mér finnst vantaer að það séu settir lágmarkstaxtar t.d. miðað við MS og PhD eða hækkan við þessar gráður.
- Hef fengið góð og skýr svör þegar eg hef leitað eftir þeim :)
- Hef fengið góða aðstoð þegar ég hef þurft á að halda. Skjót svör við fyrirspurnum.
- Hef fengið góða þjónustu þegar ég hef sótt eftir henni.
- Hef fengið svar við spurningum þar þegar ég hefi þurft á að halda.
- Hef fengið svör og aðstoð við öllum mínum fyrirspurnum.
- Hef fengið úrlausn þeirra mál sem ég hef þurft.
- Hef fengið þá aðstoð sem ég hef leitað eftir.
- Hef fengið þá fyrirgreiðslu sem hef þurft þegar ég hef leitað eftir.
- Hef leitað til félagsins vegna leiðsagnar um launamál og fékk ákaflega góðar móttökur og skýra leiðsögn.
- Hef lítið notað hana og er því ánægður.
- Hef lítið þurft á þjónustu félagsins að halda. Það litla sem sem ég hef þurft hefur verið nokkurn veginn eins og ætlast var til.
- Hef svo sem ekki mikið leitað eftir þjónustu félagsins en engin vandræði hafa verið þegar svo hefur verið háttað.
- Hef svo sem ekki nýtt mér þjónustu þess mikið en hef alltaf fengið skýr svör ef á þarf að halda.
- Hef verið afar stutt í félaginu en þeim erindum sem ég hef borið upp hefur verið svarað hratt og örugglega.
- Hef þurft að leita aðstoðar vegna réttindamála og fékk mjög góða þjónustu.



Sp.5. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þá þjónustu sem þitt félag veitir þér?

- Hef þurft að leita til þeirra með ákveðið mál og fékk góða þjónustu, viðtal og eftirfylgni.
- Hef þurft að leita til þeirra og það gekk ljómandi vel.
- Hef þurft á þjónustu félagsins að halda við óvænt starfslok á vinnustað. Stuðningur og þjónusta var til fyrirmyndar.
- Heldur manni upplýstum.
- Hjálplegar upplýsingar og lipur þjónusta varðandi sjúkratryggingar og endurgreiðsla á námskeiðum.
- Í þeim tilfellum sem ég hef leitað til félagsins hef ég fengið góða fyrirgreiðslu frá félaginu.
- Jákvætt viðmót, skýr svör og vilji til að aðstoða/liðsinna og virk í upplýsingagjöf sérstaklega um tölvupóst en einnig heimasíðu.
- Liðlegir starfsmenn og elskulegt fólk tilbúið að leysa hvers manns vanda.
- Lítið leitað til félagsins, en beiðnir hafa verið afgreiddar fljótt og vel.
- Lítið notuð en góð málefnaleg svörun.
- M.a. vegna þess að félagið stóð við bakið á mér og greiddi kostnað af málaferlum við ríkið.
- Maður fær góðar móttökur og alltaf tilbúið að aðstoða mann, veita svör við ýmsum spurningum.
- Mér finnst félagið vinna vel fyrir félagsmenn og aðstoða þá af fremsta megni.
- Mér finnst maður fá nokkuð skjót og góð svör.
- Mér finnst orlofshúsaþjónustan til fyrirmyndar.
- Mér finnst upplýsingaflæði með betra móti og auk þess eru reglulegar vinnustaðarheimsóknir formannsins hið besta mál.
- Mér hefur verið vel tekið þegar ég hef leitað þar ráða. Ég er ánægð með að hafa aðgang að orlofsíbúðum í gegn um FÍN og jafnframt að geta sótt um styrki vegna ýmissa hluta sem geta komið upp í lífinu.
- Mín reynsla af FÍN er sú að félagið svari vel því sem spurt er um og sinni sínum félagsmönnum eins vel og hægt er að búast við.
- Mjög ánægð.
- Nauð aðstoðar við Starfssamning þegar ég fór á 95 ára reglu. Frekar jákvæð viðbrögð þegar ég hef leitað til FÍN.
- Nokkuð ánægð, en stendur upp á mann sjálfan að bera sig eftir björginni.
- Nota hana mjög lítið, held ég.
- Persónuleg og fljót þjónusta.
- Persónuleg og góð þjónusta varðandi mál sem upp hafa komið.
- Persónuleg og góð þjónusta þegar leitað hefur verið til þeirra. Frábært að fá heimsókn á vinnustaðinn svona oft.
- Persónuleg samskipti, þau leggja sig fram við að aðstoða félagsmenn og ég veit að þau eru „hörð í horn að taka“ í kjarabaráttu og standa sig.
- Persónuleg þjónusta og alltaf tilbúin að aðstoða.
- Persónuleg þjónusta, miðuð við einstaklinga en ekki eingöngu stóra hópa. Hæfilega lítið félag, en með sterkt bakland í BHM.
- Persónuleg þjónusta. Mikil aðstoð núna í atvinnuleysisinu og fæðingarorlofinu.
- Reynt að bregðast fljótt við fyrirspurnum, góð heimasíða, mikil þekking stjórnenda.
- Samstarf auðvelt. Auðvelt að fá aðstoð. Vefur skýr.
- Sérstaklega fyrir það að þeir halda árlega fundi ekki aðeins í höfuðstaðnum heldur fara hringinn í kringum landið og hitta á félagsmenn sína andliti til andlits og kynna helstu breytingar og annað á döfinni. Einnig er nokkuð góður aðgangur að upplýsingum á netsíðum þeirra og þeir senda tölvupósta jafnvel helst til oft til að benda á orlofshús og atburði sem kunna að vekja áhuga. Í viðkynningu færðu að finna í orði og vimóti að félagið er tilbúið til að taka upp hanskann fyrir þig ef kemur í ljós að réttur félagsmanna er brotinn.
- Sjá um að kerfið virki.
- Skilvirkni og framúrskarandi þjónusta við sína félagsmenn. Hef ekkert nema gott um félagið að segja, upplýsingagjöf þess og samskipti.



Sp.5. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þá þjónustu sem þitt félag veitir þér?

- Skjót svör í síma.
- Skjót svör við fyrirspurnum-jákvætt viðhorf í gegnum síma.
- Skjót viðbrögð við fyrirspurnum.
- Skjótár úrlausnir og fremur skilmerkilegar. Reynir almennt að hvetja „launastrúktur“ upp.
- Skýr svör, góð heimasíða með gagnlegum upplýsingum og svo er reglulega sendur áminningarpóstur vegna hins og þessa.
- Standa sig vel í kjaramálum.
- Starfsfólk FÍN er ávallt reiðubúið til að svara spurningum og er mjög vel inni í öllum málum.
- Starfsmenn bregðast fljótt við erindum, standa með félagsmönnum í einu og öllu, eru virk og fylgjast vel með.
- Starfsmenn þess skilja mig. Trúnaðarmaður til staðar.
- Stendur vel undir hlutverki sínu, auðvelt að hafa samskipti við þau þó lítil hafi verið.
- Stendur vörð um réttindi okkar biður upp á ýmsa styrkir o.fl. upplýsir okkur.
- Styðja vel við bakið á okkur í endurskoðun stofnanasamnings á mínum vinnustað.
- Styrkir og framboð á sumarhúsum.
- Styrkjasjóðurinn.
- Svára fljótt og vel erindum sem ég sendi inn, hvetjandi.
- Svára fyrirspurnum Ágætir styrkir.
- Svör við fyrirspurnum berast fljótt. Auðvelt að finna upplýsingar á heimasíðu.
- Tel þá sinna hagsmunagæslu sinna félagsmanna vel.
- Tíð og auðveld samskipti.
- Traust og trúverðugt félag.
- Treysti á að mitt félag styðji mig þegar á þarf að halda og leysi úr málum milli mín og míns vinnuveitanda.
- Unnið í kjaramálum og ágætir upplýsingar.
- Upplýsingaflæðið virkar, gott viðmót.
- Upplýsingagjöf ágæt, aðstoð vegna vandamála í góðu lagi.
- Upplýsingagjöf er fin og menn alltaf boðnir og búnir til viðtals á skrifstofu til aðstoðar ef með þarf.
- Upplýsingar berast á netið. Að öðru leyti hef ég lítil samskipti við félagið.
- Upplýsingar berast reglulega.
- Upplýsingar eru veittar þegar þörf er á og starfsmenntunarsjóður virkar.
- Upplýsingastreymi er gott, og samræða við félagsmenn góð.
- Upplýsingastreymi er nokkuð gott :) og í þau fáu skipti sem ég hef þurft að leita til félagsins var mér vel tekið og ég fékk þá aðstoð sem ég þurfti fljótt og vel. Síðast en ekki síst þá fékk ég í raun meiri aðstoð en ég bað um því viðkomandi starfsmaður fór að skoða fleiri hluti sem ég hafði ekki áttað mig á.
- Vegna sjóðana sem hægt er að sækja styrkja í.
- Vegna þess að ég treysti því að þeir munu nú gera gangskör í að jafna launamun milli mismunandi stétta (með svipaða menntun og svipað álag í starfi) í samfélaginu. Þeir stóðu vel við bakið á mér þegar í ljós kom að verkfræðingur með minni starfsreynslu og minni ábyrgð var með hærri laun en ég fyrir sömu vinnu. Sá hafði fengið hærri laun því að hann kom úr öðrum geira inn í sérfræðistörf í náttúrufræði og vildi ekki lækka mikið í launum. Ég held að auknið jafnræði í kjaramálum milli stétta og geira eigi að vera eitt af helstu baráttumálum m.a.
- Vegna þess að ég veit um dæmi þar sem félagið hefur hjálpað fólki að fá bættu röðun og leiðréttingu.
- Vegna þess að félagið er að gæta hagsmuna minna, að því er mér virðist, eftir bestu getu.
- Vegna þess að mér sýnist starfsfólk félagsins vinna af heilindum fyrir félagsmenn.
- Vegna þess að vel og jákvætt er tekið við erindum.
- Vegna þess hversu skýr réttindi mín og hversu auðvelt er að nýta þjónustuna.



Sp.5. Ertu ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þá þjónustu sem þitt félag veitir þér?

- Veit það er til staðar með svör við spurningum er varðar kaup og kjör og hefur veitt hjálp bæði mér persónulega við launasamninga og einnig í tengslum við hópuppsögn sem ég var hluti af.
- Veita mér góðar upplýsingar þegar ég þarf.
- Veitir aðhald.
- Veitir góðar upplýsingar og skýr svör ef maður óskar þess.
- Við erum upplýst um þróun kjaramála innan starfsstéttarinnar.
- Við höfum fengið heimsókn frá formanni og þeir eru með ágætis sumarhús.
- Virðast vera vakandi yfir kjörum félagsmanna og eru að reyna sitt besta með úrræði fyrir t.d. atvinnulausa. Íþróttastyrkur og Vísindasjóður er fínt.
- Virðist sýna launaveitanda ágætis aðhald mín erindi hafa iðulega verið afgreidd vel og fljótt.
- Virkt og vakandi félag sem t.d. styður vel við gerð stofnanasamninga.
- Yfirleitt mjög góð þjónusta, svör við fyrirspurnir koma greiðlega.
- Það aðstoðar og hjálpar við launakjör og orlofshús.
- Það er gott að leita til míns félags og ég finn að það ber hag minn fyrir brjósti og vel það.
- Það er gott að leita til starfsfólks FÍN. Þau eru alltaf boðin og búin að aðstoða og eru fljót að svara fyrirspurnum. Ég hef fengið mikla og góða hjálp hjá þeim undanfarin ár og hef bent öðrum á að leita til FÍN.
- Það hefur allt gengið snuðrulaust í samskiptum mínum við félagið í gegnum árin.
- Það hefur öllu jafna svarað þeim spurningum sem ég hef haft. Finn alveg að þau vilja berjast fyrir mínum hagsmunum.
- Það litla sem ég hef þurft að sækja til félagsins hefur yfirleitt staðið. Upplýsingar frá félaginu (heimasíða og tilkynningar) góðar.
- Það litla sem ég hef þurft á henni að halda hefur ekkert verið upp á hana að klagja.
- Það sem ég hef leitað til félagsins hefur gengið ágætlega, reyndar hefur það ekki verið mikið en það sem það hefur verið tel ég hafa leyst með ágætum.
- Það stendur vel að því að þjóna hagsmunum félagsmanna.
- Það styður við bakið á mér og heldur mér upplýstum um kjaramálin.
